

Reykjavík, 11. mars 2011

Fréttatilkynning frá Sláturfélagi Suðurlands svf.

Krafa um útgreiðslu arðs af eigendum yfir 10% hluta í B-deild stofnsjóðs Sláturfélags Suðurlands.

- **Fram er komin krafa um útgreiðslu arðs af eigendum yfir 10% hluta í B-deild stofnsjóðs.**
- **Hámarks arðgreiðsla getur þó ekki orðið hærri en 14.344 þúsund króna en það er óráðstafað eigið fé í árslok 2010 verði tillagan samþykkt á aðalfundi félagsins 25. mars 2011.**

Stjórn Sláturfélags Suðurlands svf. hefur mótttekið kröfu um útgreiðslu arðs af eigendum yfir 10% hluta í B-deild stofnsjóðs. Krafan er móttækin innan tilskilins frests skv. samþykktum félagsins. Hámarks arðgreiðsla getur þó ekki orðið hærri en 14.344 þúsund króna en það er óráðstafað eigið fé 31. desember 2010.

Krafan verður því lögð fram sem tillaga fyrir aðalfund félagsins sem haldinn verður 25. mars 2011.

Verði tillagan samþykkt á aðalfundi félagsins gæti arðgreiðslan orðið að hámarki 7,17%, alls krónur 14.343.824,- Arðleysisdagur er þá 28. mars, arðréttindadagur 30. mars og greiðsludagur arðs 29. apríl 2011.

Frekari upplýsingar veita:

Hjalti H. Hjaltason, fjármálastjóri í síma 575 6000 – hjalti@ss.is